

Lög

Félags rafiðnaðarmanna á suðurlandi

1. Kafli

Nafn félagsins, félagssvæði, hlutverk og félagsaðild.

1. gr.

Félagið heitir; Félag rafiðnaðarmanna á suðurlandi, skammstafað FRS. Heimili félagsins og varnarþing er á Selfossi.

Félagssvæði félagsins er Árnassýsla, Rangárvallarsýsla og Vestur-Skaftafellssýsla.

2. gr.

Félagið er aðili að Rafiðnaðarsambandi Íslands, sem er aðili að Alþýðusambandi Íslands.

3. gr.

Hlutverk félagsins er:

- a) Að sameina í stéttarfélagi alla starfandi rafiðnaðarmenn sbr. 4. gr.
- b) Að efla og styrkja samhug og samheldni félagsmanna.
- c) Að gera samninga um kaup og kjör fyrir hönd félagsmanna.
- d) Að bæta og vernda réttindi og hagsmuni félagsmanna í atvinnu- og aðbúnaðarmálum.
- e) Að veita félagsmönnum aðstoð í veikindum og atvinnuleysi.
- f) Að vinna að fræðslu og menningarmálum í þágu félagsmanna.
- g) Að hafa samstarf við önnur stéttarfélög um sameiginleg hagsmunamál.

4. gr.

Fullgildir félagsmenn geta þeir einir orðið, sem búsettir eru á félagssvæðinu, lokið hafa námi í rafvirkjun, rafvélavirkjun eða rafveituvirkjun og staðist hafa sveinspróf, eða fengið iðnbref samkvæmt iðnlögum.

Heimilt er að veita inngöngu í félagið þeim, sem lokið hafa burtfararprófi frá iðnskóla. Hafi félagsmaður ekki lokið sveinsprófi innan eins árs frá því hann gekk í félagið, missir hann félagsréttindi sín þar til hann hefur lokið sveinsprófi.

Heimilt er að veita inngöngu í félagið þeim sem eru í starfsnámi í þeim greinum sem taldar eru upp í fyrstu málsgrein, hvort sem þeir eru í námi á vinnumarkaði eða í skólum og eru á aldrinum 18 til 35 ára og eru þeir gjaldgengir í starfi ungliða á vettvangi félagsins. Einnig er heimilt samkvæmt þessari málsgrein að veita inngöngu í félagið þeim sem eru í starfsnámi og eru eldri en 35 ára. Leggja skal félagsaðild einstaklinga samkvæmt þessari málsgrein fyrir stjórn félagsins til samþykktar og skal stjórn félagsins í október og febrúar ár hvert fjalla um félagsaðild þeirra.

Heimilt er að veita inngöngu í félagið þeim sem eiga rétt á inngöngu í önnur félög rafiðnaðarmanna innan RSÍ, enda séu þeir búsettir á félagssvæðinu.

Heimilt er að veita inngöngu í félagið mönnum, sem búsettir eru utan félagssvæðisins, eigi þeir ekki kost á að vera félagsmenn annars aðildarfélags Rafiðnaðarsambands Íslands.

Ekki er hægt að veita inngöngu í félagið mönnum, sem eru fullgildir félagsmenn í öðrum aðildarfélögum ASÍ, eða standa í óbættum sökum við félagið eða önnur stéttarfélög innan ASÍ, sem viðkomandi hefur verið félagsmaður í.

Menn sem eru faglegir ábyrgðarmenn fyrirtækja í rafiðnaði geta verið félagsmenn. Menn sem eru sjálfstæðir verktakar í rafiðnaði og hafa rafiðnaðarmenn í þjónustu sinni geta ekki verið félagsmenn.

5. gr.

Umsókn um inntöku í félagið skal vera skrifleg, gerð á eyðublöð sem félagið lætur í té. Í umsókn um inngöngu felst að umsækjandi skuldbindur sig til að hlýða lögum félagsins og samþykktum í öllum greinum.

Enginn telst fullgildur félagsmaður fyrr en inntökuumsókn hans hefur verið samþykkt af meirihluta stjórnar félagsins og er umsækjanda þá afhent félagsskírteini. Félagsskírteini skal að jafnaði bera félagsskírteini á sér við vinnu.

Hafni stjórn félagsins umsókn um inntöku, hefur umsækjandi rétt til að vísa umsókn sinni til félagsfundar. Synji félagsfundur umsókn um inngöngu í félagið á umsækjandi rétt á að skjóta málinu til Rafiðnaðarsambands Íslands samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga þess. Umsækjandi á rétt á að vísa úrskurði RSÍ til Alþýðusambands Íslands samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga þess.

Hafi félagsskírteini, sem uppfyllir ákvæði 4. gr., greitt til sjóða félagsins í 6 mánuði eða lengur og hefur ekki sótt um skriflega samkvæmt 1. mgr., telst hann fullgildur félagi og skal stjórn félagsins tilkynna honum það með ábyrgðarbréfi og gefa honum kost á að staðfesta eða gera athugasemd við félagsaðild sína. Að liðnum 6 vikum frá tilkynningu um félagsaðild samkvæmt þessari mgr. skal stjórn félagsins afhenda nýjum félagsmanni félagsskírteini.

6. gr.

Úrsögn úr félaginu getur því aðeins átt sér stað:

- a) Að félagsmaður hefji sjálfstæðan atvinnurekstur á hverju því starfssvið, sem heyrir til starfa félagsmanna RSÍ.
- b) Að félagsmaður hætti störfum í iðngrein sinni.
- c) Að félagsmaður flytji búferlum af félagssvæðinu.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og verður því aðeins tekin til greina að félagsmaður standi ekki í óbættum sökum við félagið.

Enginn getur sagt sig úr félaginu eftir að atkvæðagreiðsla um vinnustöðvun hefur verið auglýst, eða ákvörðun um vinnustöðvun hefur verið tekin af félaginu þar til að vinnustöðvun hefur verið formlega aflýst. Einnig er óheimilt að segja sig úr félaginu til þess að taka upp störf félagsmanna í öðru stéttarfélagi sem lagt hefur niður störf vegna löglegrar deilu um kaup og kjör.

2. Kafli

Réttindi og skyldur félagsmanna, réttindamissir og brottrekstur.

7. gr.

Réttindi félagsmanna eru:

- a) Málfrelsi, tillöguréttur og atkvæðisréttur á félagsfundum samkvæmt fundarsköpum félagsins.
- b) Kjörgengi í trúnaðarstöður félagsins og á vegum þess í þeim samtökum, sem félagið á aðild að.
- c) Réttur til styrkveitinga úr sjóðum félagsins, svo sem nánar er kveðið á um í reglugerðum sjóðana.
- d) Réttur til vinnu á þeim kjörum, sem samningar félagsins kveða á um.
- e) Réttur til aðstoðar félagsins vegna vanefnda á samningum sem félagið hefur gert við atvinnurekendur.
- f) Réttur til aðstoðar félagsins í atvinnuleit sé félagsmaður atvinnulaus.

8. gr.

Skyldur félagsmanna eru:

- a) Að hlýða lögum félagsins, fundarsköpum, félagssamþykktum, fyrirskipunum og samningum í öllum greinum.
- b) Að greiða gjöld sín til félagsins á réttum gjalddaga.
- c) Að gegna trúnaðarstöðum fyrir félagið sbr. þó 33. gr. og 44. gr.

- d) Að vinna ekki með mönnum, sem eru án starfsréttinda í rafiðnaði, ófélagsbundnum mönnum eða mönnum, sem standa í óbættum sökum við félagið.
- e) Að vinna ekki með erlendum ríkisborgurum nema að félagið hafi samþykkt atvinnuleyfi þeirra, að því tilskyldu að þeir njóti ekki lakari kjara en kveðið er á um í samningum félagsins við atvinnurekendur.

Félagsmaður sem hyggst hefja vinnu á nýjum vinnustað skal áður en ráðning fer fram afla sér nauðsynlegra upplýsinga um vinnustaðinn hjá skrifstofu félagsins.

9. gr.

Félagsmaður hefur fyrirgert rétti sínum í félaginu, ef hann:

- a) Brýtur lög félagsins, samþykktir eða samninga.
- b) Skuldar meira en tólf vikna gjöld til sjóða félagsins vegna eigin vanrækslu.
- c) Veldur félaginu tjóni eða álitshnekki að mati stjórnar.

10. gr.

Ef sannað er að félagsmaður hefur brotið gegn ákvæðum 8. gr. a-liðar laga þessara, skal stjórn félagsins veita honum áminningu. Sé brotið ítrekað skal stjórnin leggja rökstudda tillögu um brottvikningu viðkomandi félagsmanns úr félaginu fyrir félagsfund.

11. gr.

Vanræki félagsmaður greiðslu tilskilina gjalda til sjóða félagsins sbr. ákvæði 9. gr. b-liðar, er stjórn félagsins heimilt að svipta hann félagsréttindum með viku fyrirvara þar til skuldin er að fullu greidd.

Hafi félagsmaður verið sviptur réttindum sínum vegna vanefnda á greiðslu félagsgjalda, en greiðir ekki skuld sína er trúnaðarráði heimilt að víkja honum úr félaginu með 10 daga fyrirvara.

Félagsmaður á rétt til að skjóta úrskurði trúnaðarráðs til félagsfundar, en skyldur er hann að hlýða úrskurðinum þar til honum er hrundið af félagsfundi.

12. gr.

Hafi félagsmaður unnið gegn hagsmunum félagsins, valdið því tjóni eða álitshnekki, getur stjórn lagt fyrir félagsfund tillögu um brottrekstur hans úr félaginu.

Úrskurði félagsfundar um áminningu eða brottvísun félagsmanns má vísa til Rafiðnaðarsambands Íslands samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga þess. Félagmaður á

rétt á að vísa úrskurði RSÍ til Alþýðusambands Íslands samkvæmt ákvæðum 10. gr. laga þess.

Hafi félagsmanni verið vikið úr félaginu, á hann ekki afturkvæmt í félagið nema inntökubeiðni hans sé samþykkt á félagsfundum.

3. Kafli

Aðal- og félagsfundir.

13. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir apríllok árlega. Stjórn félagsins leggur fram á aðalfundi skýrslu um störf sín, endurskoðaða reikninga sjóða félagsins og önnur mál eftir því sem þurfa þykir. Á aðalfundi skal kjósa í trúnaðarstöður sbr. 32. gr.

14. gr.

Aðalfund skal boða skriflega með sjö sólarhringa fyrirvara. Í fundarboði skal getið dagskrár fundarins. Ennfremur skal birta fundarboð með auglýsingum í dagblöðum eða útvarpi. Ef tillögur um breytingar á lögum félagsins liggja fyrir skal geta þeirra í fundarboði.

15. gr.

Félagsfundir skulu haldnir þegar stjórn félagsins þykir þurfa, eða ef 15 félagsmenn krefjast þess skriflega, enda tilgreini þeir fundarefni.

16. gr.

Til félagsfunda skal boða skriflega með tveggja sólarhringa fyrirvara. Ef vinnustöðvun eða aðrar gildar ástæður gera ókleift að boða félagsfund á framangreindan hátt, skal heimilt að boða fund með skemmri fyrirvara, með útvarpsauglýsingum eingöngu.

17. gr.

Öllum fundum skal stjórnað samkvæmt fundarsköpum félagsins. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum allra mála, nema lög þessi kveði á um annað. Allir fundir eru lögmatir sé löglega til þeirra boðað og mættur er meirihluti stjórnar.

18. gr.

Heimilt er að hljóðrita aðal- og félagsfundum. Hópar félagsmanna, sem staðsettir eru utan fundastaðar geta tekið þátt í fundum með tengingu við hljóðkerfi í fundarsal

um síma. Þar sem slíkir hópar félagsmanna eru saman komnir til þátttöku í fundum stjórnar trúnaðarmaður, sem formaður felur þann starfa.

4. Kafli

Deildskipting félagsins, meðferð samninga og vinnuréttur.

19. gr.

Félagsfundur getur ákveðið að skipta félaginu í deildir, s.s. deild fyrir rafvirkja á skipum, deild fyrir starfsmenn rafveitna o.s.frv., enda hafi þess verið getið í fundarboði að tillaga um slíkt lægi fyrir og stjórn félagsins og trúnaðarráð mæli með slíkri deildarstofnun.

Verði ákveðin stofnun félagsdeildar, skal trúnaðarráð setja starfsemi hennar reglur innan þess ramma, sem lög þessi heimila. Gerð kjarasamninga skal þó stjórn og trúnaðarráð fara með í umboði deildar og í samráði við hana.

20. gr.

Félagið gerir samninga um kaup og kjör félagsmanna eða einstakra hópa félagsmanna, annaðhvort eitt sér eða í samráði við önnur stéttarfélög.

Samningar sem innihalda ákvæði, sem varða kjör allra eða meirihluta félagsmanna, eða geta haft stefnumarkandi áhrif á kjör þeirra að mati stjórnar og trúnaðarráðs, skal leggja fyrir félagsfund eða allsherjaratkvæðagreiðslu til samþykktar eða synjunar.

Samningar sem fjalla um kjör einstakra smærra hópa í félaginu skal leggja fyrir viðkomandi hóp til afgreiðslu. Slíkan samning skal einnig leggja fyrir trúnaðarráð til staðfestingar.

21. gr.

Trúnaðarráð skipar menn til starfa í samninganefndum félagsins og í samninganefndir sem félagið á aðild að í samvinnu við önnur stéttarfélög eða landsambönd og veitir þeim umboð til starfa. Í samninganefndum á vegum félagsins skulu að öllu jöfnu eiga sæti trúnaðarmenn starfsmanna sem vinna eftir viðkomandi samningi.

Trúnaðarráð gerir viðræðuáætlanir fyrir hönd félagsins. Trúnaðarráð getur veitt samninganefnd umboð til að gera viðræðuáætlun.

Trúnaðarráð ber ábyrgð á að kröfugerðir séu unnar og lagðar fram. Trúnaðarráð getur veitt samninganefnd umboð til að gera og leggja fram kröfugerð. Kröfugerð skal ávalt gera í samráði við þá félagsmenn, sem vinna eftir viðkomandi samningi.

Samninganefndir sem félagið á aðild að skulu starfa eftir reglum, sem þeim eru settar af trúnaðarráði, miðstjórn eða sambandsstjórn RSÍ eða samkomulag er um við þau félög eða landsambönd, sem félagið á í samstarfi við. Starfsreglur skal setja áður en samninganefnd hefur störf.

Samninganefnd er óheimilt að undirrita kjarasamning nema að fengnu samþykki trúnaðarráðs.

Samninganefnd er óheimilt að fresta vinnustöðvun nema að fengnu samþykki trúnaðarráðs.

22. gr.

Á félagssvæði Félags rafiðnaðarmanna á suðurlandi gildir gagnkvæmur vinnuréttur fyrir félagsmenn í öðrum félögum rafiðnaðarmanna, í samræmi við ákvæði í 5. gr. laga RSÍ.

5. Kafli

Stjórn og trúnaðarráð og aðrar trúnaðarstöður.

23. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi, auk þess 2 menn til vara. Í forföllum aðalmanna taka varastjórnarmenn sæti stjórnarmanna.

24. gr.

Stjórn félagsins ásamt 6 félagsmönnum skipa trúnaðarráð félagsins. Varamenn í trúnaðarráði eru 6. Í forföllum aðalmanna taka varamenn sæti þeirra. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess.

25. gr.

Formaður kallar saman stjórnarfundir og trúnaðarráðsfundi með þeim hætti sem hann telur heppilegastan. Stjórnarfundir og trúnaðarráðsfundir eru lögmatir ef meirihluti meðlima er mættur. Skyld er formanni að boða trúnaðarráðsfund, ef þriðjungur trúnaðarráðs óskar þess og tilgreinir fundarefni.

26. gr.

Formaður stjórnar fundum stjórnar og trúnaðarráðs og hefur eftirlit með að meðstjórnendur hans, skoðunarmenn og aðrir trúnaðarmenn félagsins ræki skyldur sínar. Varaformaður gegnir öllum störfum formanns í forföllum hans.

27. gr.

Ritari skráir í fundargerðabók greinilega frásögn um það sem gerist á stjórnar-, trúnaðarráðs og félagsfundum. Ritari undirritar fundargerðir funda ásamt formanni.

28. gr.

Gjaldkeri hefur á hendi eftirlit með sjóðum og fjárreiðum félagsins, innheimtu gjalda og færslu bókhalds eftir nánari fyrirmælum stjórnar.

29. gr.

Stjórn félagsins skal skipa trúnaðarmenn og öryggistrúnaðarmenn á vinnustöðum samkvæmt ákvæðum í landslögum og/eða samningum félagsins, að höfðu samráði við viðkomandi félagsmenn. Félagsfundur setur reglur um skipan og störf trúnaðarmanna.

30. gr.

Trúnaðarráð gerir tillögu um vinnustöðvun, hvenær hún skuli taka gildi, til hverra hún skuli taka og með hvaða hætti tillaga um vinnustöðvun skuli afgreidd.

Trúnaðarráð ákveður hvenær samningar félagsins hafa stefnumarkandi gildi fyrir hag og afkomu félagsmanna og tekur ákvarðanir um með hvaða hætti samningar skuli afgreiddir á vettvangi félagsins.

31. gr.

Stjórn og trúnaðarráð félagsins tilnefnir í samstarfi við önnur félög innan RSÍ, fulltrúa í framkvæmdastjórn ungliða og trúnaðarráð ungliða innan RSÍ.

32. gr.

Segi félagsmaður, sem trúnaðarstarfi gegnir fyrir félagið, sig úr því er honum skylt að skila af sér öllu er varðar trúnaðarstörf hans um leið og úrsögn er send.

6. Kafli

Allsherjaratkvæðagreiðsla, kjör í stjórn, trúnaðarráð og aðrar trúnaðarstöður.

33. gr.

Kjósa skal stjórn og trúnaðarráð á aðalfundi. Kjósa skal formann fyrst, síðan fjóra stjórnarmenn, tvo varastjórnarmenn, sex trúnaðarráðsmenn, sex varatrúnaðarráðsmenn, tvo skoðunarmenn og einn varaskoðunarmann. Aðalstjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir aðalfund.

34. gr.

Hafi félagsmaður gegnt trúnaðarstörfum fyrir félagið tvö kjörtímabil eða lengur, getur hann skorast undan kosningu næstu tvö ár.

35. gr.

Stjórn og trúnaðarráð getur ákveðið að viðhafa allsherjaratkvæðagreiðslu um kjör stjórnar, trúnaðarráðs og annarra trúnaðarmanna

Stjórn og trúnaðarráði er heimilt að efna til allsherjaratkvæðagreiðslu um samninga eða önnur málefni, eftir því sem þurfa þykir.

Um tilhögun allsherjaratkvæðagreiðslu skal fara eftir reglugerð Alþýðusambands Íslands um allsherjaratkvæðagreiðslur.

Félagsstjórn er heimilt að fela kjörstjórn, sem skipað er í af miðstjórn RSÍ, umsjón með kosningum um kjarasamninga, sem félagið er aðili að með öðrum stéttarfélögum.

7. Kafli

Fjármál.

36. gr.

Sjóðir félagsins eru:

- a) Félagssjóður
- b) Menningarsjóður

Félagið á aðild að eftirtöldum sameiginlegum sjóðum rafiðnaðarmanna:

- d) Styrktarsjóði rafiðnaðarmanna
- e) Orlofsheimilasjóði rafiðnaðarmanna
- f) Vinnudeilusjóði rafiðnaðarmanna

Félagið er aðili að rekstri Ákvæðisvinnustofu rafiðna og Menntasjóði rafiðnaðarins, sem hvor um sig er sjálfstæður fjárhagsaðili.

37. gr.

Gjöld til félagssjóðs eru ákveðin á aðalfundi. Ákveða má gjöld til félagssjóðs á félagsfundi, enda hafi þess verið getið í fundarboði að ákvörðun þar um sé á dagskrá fundarins.

38. gr.

Gjalddagi gjalda til sjóða félagsins er hvern kaupgreiðsludag. Þó er heimilt að greiða gjöldin mánaðarlega, sé þess óskað, enda komi samþykki gjaldkera til. Gjöldum skal halda eftir af vinnulaunum félagsmanna hjá atvinnurekanda, enda sé kveðið á um það í kjarasamningum sbr. 6.gr. laga nr. 55/1980.

39. gr.

Hafi félagsmaður verið atvinnulaus eða veikur í einn mánuð eða lengur samfleytt, er stjórn félagsins heimilt að fella niður gjaldskyldu hans til sjóða félagsins tímabundið, enda komi atvinnulaus maður til skrásetningar og sá sem veikur er leggi fram vottorð um veikindi sín.

40. gr.

Gjaldfrjálsir til sjóða félagsins skulu þeir félagsmenn vera, sem stunda nám hér á landi eða erlendis og eru launalausir þess vegna þann tíma sem á námi stendur. Þeir sem gjaldfrjálsir eru samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skulu þó njóta fullra félagsréttinda.

41. gr.

Félagsmaður sem stundað hefur vinnu erlendis og ekki greitt gjöld til sjóða félagsins þann tíma, skal því aðeins fá full félagsréttindi á ný, að hann sýni vottorð um að hann hafi greitt stéttarfélagsgjöld í dvalarlöndum erlendis. Að öðrum kosti öðlast hann ekki félagsréttindi á ný, fyrr en hann hefur staðið skil á gjöldum til sjóða félagsins fyrir þann tíma sem hann var fjarverandi.

42. gr.

Kostnaður við rekstur félagsins skal greiðast úr félagssjóði. Stjórn félagsins er heimilt að greiða þeim félagsmönnum, sem stjórnin eða félagsfundur kveður til starfa fyrir félagið, kaup fyrir þann tíma, sem þeir fella niður fasta vinnu fyrir félagið.

43. gr.

Sjóði félagsins skal ávaxta á sem hagfelldastan hátt, í banka, ríkis- eða fasteignatryggðum skuldabréfum, eða hlutaeign í traustum eignahaldsfélögum í samstarfi við önnur stéttarfélög.

Gjaldkera er heimilt að taka sjóðina í sína vörslu, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þarf til þess samþykki félagsstjórnar, enda beri hún sameiginlega ábyrgð á sjóðunum meðan þeir eru í vörslu gjaldkera.

Á annan hátt er óheimilt að ráðstafa sjóðum félagsins, nema með samþykki félagsfundar og þarf til þess 2/3 atkvæða. Tillögum um slíkt skal getið í fundarboði.

44. gr.

Reikningsár sjóða félagsins skal vera almanaksárið og skulu reikningar, yfirfarnir af kjörnum skoðunarmönnum og löggiltum endurskoðenda, liggja fyrir til skoðunar fyrir félagsmenn minnst þrjá daga fyrir aðalfund.

8. Kafli

Heiðursfélagar og gullmerki félagsins.

45. gr.

Heiðursfélagar geta þeir félagsmenn orðið, sem unnið hafa lengi fyrir félagið eða gegnt þýðingarmiklum trúnaðarstörfum fyrir stéttina. Trúnaðarráð útnefnir heiðursfélaga, enda sé það gert með samhljóða atkvæðum. Einnig geta 15 félagsmenn gert tillögu um heiðursfélaga og skal hún lögð fyrir trúnaðarráð til afgreiðslu. Heiðursfélagar skulu vera undanþegnir gjaldskyldu til félagssjóðs og kjörskyldu til trúnaðarstarfa, en eru háðir ákvæðum laga þessara að öðru leyti.

46. gr.

Þeir félagsmenn sem hafa verið í félaginu 25 ár skulu eiga rétt á að fá afhent gullmerki félagsins. Stjórn félagsins ákveður hvenær og á hvern hátt afhending gullmerkja fer fram.

9. Kafli

Lagabreytingar.

47. gr.

Lögum þessum má aðeins breyta á lögsmætum aðalfundi, hafi þess verið getið í fundarboði og þarf til þess 2/3 atkvæða viðstaddra félagsmanna.

48. gr.

Tillögur um lagabreytingar skal afhenda stjórn félagsins eigi síðar en 14 dögum fyrir aðalfund. Skal stjórnin láta tillögurnar liggja frammi á skrifstofu félagsins, til skoðunar fyrir félagsmenn, 6 daga fyrir aðalfund.

10. Kafli

Félagsslit.

49. gr.

Félaginu verður því aðeins slitið að tillaga um það hafi verið samþykkt í allsherjaratkvæðagreiðslu með 2/3 atkvæða. Um sameiningu félagsins við annað félag skal fara á sama hátt.

50. gr.

Verði félaginu slitið skulu allar eignir þess afhentar Rafiðnaðarsambandi Íslands til vörslu, þar til nýtt félag verður stofnað með sama tilgangi. Nú verður ekki stofnað nýtt félag innan 5 ára frá félagsslitum, skal þá stofna sjóð sem styrki rafiðnaðarmenn til framhaldsnáms og skulu allar eigur félagsins renna til sjóðsins. Reglugerð fyrir sjóðinn skal síðasta stjórn félagsins semja og afhenda RSÍ ásamt eigum félagsins.

Þannig breytt lög samþykkt á aðalfundi 08.04.2011.